

VERKLAGSREGLUR

um skráningu og miðlun upplýsinga um áskrifendur sem úthlutað hefur verið númerum í fastlínu- og farsímakerfum.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Verklagsreglur þessar eru leiðbeinandi verklagsreglur Póst- og fjarskiptastofnunar sem hafa það að markmiði að mæla fyrir um skilvirka og hagkvæma miðlun grunnupplýsinga fráleiðbeina fjarskiptafélögum, sem úthlutað hafa númerum í fastlínu- og farsímakerfum, um skilvirka og hagkvæma miðlun grunnupplýsinga um áskrifendur þeirra, til aðila sem hyggjast gefa út símaskrár eða starfrækja upplýsingaþjónustu um símanúmer, sbr. 5. mgr. 45. gr. laga, nr. 81/2003, um fjarskipti.

Þá er það tilgangur verklagsreglna þessara að samræma tæknilega framkvæmd við miðlun grunnupplýsinganna og ná verklagsreglurnar til fjarskiptafyrirtækja sem úthluta símanúmerum í fastlínu- og farsímakerfum og aðila sem gefa út símaskrár eða starfrækja upplýsingaþjónustur um símanúmer.

2. gr.

Skilgreiningar.

Vísað er til skilgreininga í lögum um fjarskipti en auk þeirra hafa eftirfarandi orð sérstaka merkingu:

Bannmerking: Merking sem gefur til kynna þá kröfu áskrifanda um að upplýsingar skráðar um hann í númera- og vistfangaskrá megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar.

Áskrifandi: Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.

Grunnupplýsingar: Þær upplýsingar sem fjarskiptafyrirtæki sem úthlutar símanúmerum skal miðla í þeim tilgangi að gefa út símaskrár eða fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer. Til grunnupplýsinga teljast: nafn áskrifanda (réttihafa númers) ~~réttihafa~~, símanúmer, heimilisfang og, póstnúmer sem hann lætur fjarskiptafyrirtæki í té við upphaf viðskipta eða síðar auk ~~og~~ bannmerkingar sé þess óskað.

Númera- og vistfangaskrár: Skrár yfir grunnupplýsingar sem fjarskiptafyrirtæki, sem úthlutar símanúmerum, hefur um áskrifendur sína og myndar hluta heildstæðs gagnagrunns símaskrár og er miðlað í tilgangi útgáfu símaskráa eða upplýsingaþjónustu fyrir símanúmer.

Rauntími: Sá tími sem uppfæra þarf upplýsingar í númera- og vistfangaskrárám svo notagildi þeirra sé tryggt, þ.e. að réttlæiki þeirra í heildstæðum gagnagrunni sé tryggður. Uppfærsla upplýsinga í númera- og vistfangaskrár skal ekki eiga sér stað sjaldnar en á 24 klukkustunda fresti.

Samræmt skrárnið: Sniðmát, fyrir sendingu, móttöku og breytingar á grunnupplýsingum númera- og vistfangaskráa, sem byggir á stöðluðum skeytasendingum með XML sem samskiptahátt.

Símaskrá: Símaskrá merkir hvort tveggja prentaða útgáfu símaskrár og rafræna útgáfu símaskrár.

II. KAFLI

Númera- og vistfangaskrá.

3. gr.

Gerð númera- og vistfangaskráa.

Fjarskiptafyrirtæki sem úthluta áskrifendum símanúmerum skulu vera ábyrg fyrir gerð númera- og vistfangaskráa, þeim upplýsingum sem þær hafa að geyma og miðlun þeirra, sbr. 45. gr. fjarskiptalaga. Útvistun á grundvelli vinnslusamnings, sbr. IV. kafla, um gerð númera- og vistfangaskráa undanskilur ekki fjarskiptafyrirtækið ábyrgð þess skv. 45. gr. fjarskiptalaga með neinum hætti.

Númera- og vistfangaskrá skal hafa að geyma grunnupplýsingar um áskrifendur fjarskiptafyrirtækisins sem kjósa að láta slíkar upplýsingar um sig birtast í gagnagrunni símaskrár.

Grunnupplýsingar um áskrifendur í númera- og vistfangaskráum skulu ekki taka breytingum við númera- og þjónustuflutning nema áskrifandi óski sérstaklega eftir því við móttakandi fjarskiptafyrirtæki. Skulu grunnupplýsingar því haldast óbreyttar hjá móttakandi fjarskiptafyrirtæki sem þá verður ábyrgt fyrir réttleika og miðlun þeirra.

Tilkynni áskrifandi, sem skráður er í gagnagrunn símaskrár sbr. 5. gr. reglna þessara, fjarskiptafyrirtæki um breytingar á skráðum grunnupplýsingum í númera og vistfangaskrá, ber fjarskiptafyrirtæki að breyta skráningunni til samræmis, þannig að hún innihaldi réttar grunnupplýsingar á hverjum tíma.

4. gr

Birting grunnupplýsinga

Í númera- og vistfangaskrá skal vera möguleiki að skrá grunnupplýsingar sem skulu hins vegar ekki birtast nema með öðrum grunnupplýsingum. Í númera- og vistfangaskrá skal því bæta inn tveimur nýjum svæðum, birta færslu og tengt símanúmer.

Birta færslu: Svæði sem segir til um hvort birta skuli grunnupplýsingar. Sjálfgefið gildi skal vera já.

Tengt símanúmer: Símanúmer þeirrar grunnupplýsingafærslu sem skal birta sem leitarniðurstöðu við leit á óbirttri færslu.

45. gr.

Afhending kennitölu

Númera- og vistfangaskrá skal innihalda kennitölu áskrifanda og skal fjarskiptafyrirtæki miðla kennitölum áskrifenda. Aftur á móti er óheimilt fyrir útgefanda símaskrár eða þann sem rekur upplýsingaþjónustu um símanúmer að birta kennitölu í símaskrá sinni eða gefa hana upp í upplýsingaþjónustu um símanúmer án þess að hann hafi aflað ótvíræðs samþykkis áskrifanda hlutaðeigandi símanúmers.

56. gr.

Áskrifendur

Áskrifandi skal hafa rétt til að vera óskráður í gagnagrunn símaskrár. Fjarskiptafyrirtæki sem úthlutar símanúmerum skal gefa áskrifanda tækifæri á að ákveða hvort upplýsingar um hann verði skráðar í númera- og vistfangaskrár fjarskiptafyrirtækisins.

Áskrifandi, sem kýs að grunnupplýsingar um hann verði skráðar í númera- og vistfangaskrá, skal hafa val um hvaða grunnupplýsingar um hann skuli vera í númera- og vistfangaskrá, að undanskildu nafni og símanúmeri. Þannig hefur áskrifandi val um hvort upplýsingar um heimilisfang, póstnúmer og bannmerkingu skulu vera skráðar í númera- og vistfangaskrár fjarskiptafyrirtækisins. Sama gildir um skráð frelsisnúmer.

Áskrifandi sem kýs að viðkomandi grunnupplýsingar um hann verði skráðar í númera- og vistfangaskrár og verði þar með hluti af gagnagrunni símaskrár hefur ekki val um til hverra grunnupplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að gefa út símaskrár eða starfrækja upplýsingaþjónustu fyrir símanúmer.

67. gr.

Breytingar á grunnupplýsingum í númera- og vistfangaskrá.

Eingöngu því Ffjarskiptafyrirtæki sem úthlutar símanúmerið til áskrifenda er heimilt að skal að jafnaði eitt breyta grunnupplýsingum áskrifenda sinna og er ábyrgt fyrir þeim breytingum. Hafi fjarskiptafyrirtækið útvistað gerð númera- og vistfangaskrá sinni, sbr. IV. kafla, getur sá vinnsluaðili jafnframt gert slíkar breytingar enda með fullt umboð hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækis til þess.

Þó getur Ffjarskiptafyrirtæki getur, í samningi við aðila, sem hyggur á útgáfu símaskrár eða starfrækslu upplýsingaþjónustu um símanúmer, um miðlun upplýsinga úr númera- og vistfangaskrá fjarskiptafyrirtækisins, heimilað að aðilinn geti gert breytingar á grunnupplýsingum sem það er ábyrgt fyrir og að því tilskildu að ákvæði 45. gr. fjarskiptalaga sé að fullu virt og að slíkum grunnupplýsingum sé miðlað aftur til fjarskiptafyrirtækisins og/eða vinnsluaðila og þannig aðgengilegur öllum þeim sem hafa heimild til að reka upplýsingaþjónustu um símanúmer. Slíkt ákvæði í samningi undanskilur ekki fjarskiptafyrirtæki ábyrgð á grundvelli ákvæðisins. Þannig skal miðlun breytinga á grunnupplýsingum sem aðilinn gerir vera miðlað til samræmis við reglur þessar.

Sé öðrum aðila með samningi heimilt að gera breytingar á grunnupplýsingum þá skulu slíkar færslur og breytingar auðkenndar í þeim tilgangi að tryggja réttleika númera- og vistfangaskrár og rekjanleika breytinganna.

III. KAFLI.

Miðlun upplýsinga.

78. gr.

Beiðni um miðlun númera- og vistfangaskráa.

Beiðni aðila, sem hyggjast gefa út símaskrár eða starfrækja upplýsingaþjónustu um símanúmer, til fjarskiptafyrirtækis, sem úthlutar símanúmerum til áskrifenda, um miðlun númera- og vistfangaskráa skal fylgja afrit af tilkynningu til Póst- og fjarskiptastofnunar um fyrirhugaða fjarskiptastarfsemi. Fylgi ekki slíkt afrit skal fjarskiptafyrirtækið ekki verða við beiðni um miðlun upplýsinga.

89. gr.

Rauntíma miðlun númera- og vistfangaskráa.

Fjarskiptafyrirtækjunum er skylt að verða við beiðnum um að láta í té upplýsingar úr númera- og vistfangaskrá sínum til aðila sem hyggur á útgáfu símaskrár eða rekstur upplýsingaþjónustu fyrir símanúmer, sbr. þó 7. gr.

Fjarskiptafyrirtæki skal verða við beiðni um miðlum upplýsinga eins fljótt og kostur er, án allra óþarfa tafa og í síðasta lagi 14 dögum eftir að beiðni um aðgang berst. Komi upp ófyrirséðar tafir skal fjarskiptafyrirtæki gera viðkomandi aðila viðvart og gefa skýringar á töfinni.

Allar uppfærslur og/eða breytingar sem fjarskiptafyrirtæki, eða vinnsluaðili samkvæmt samningi þar um, sbr. IV. kafla, gerir á grunnupplýsingum áskrifenda skal miðlað á samræmdu skráarsniði í rauntíma. Skulu þær berast jafnt til allra aðila sem óskað hafa eftir miðlun upplýsinga úr númera- og vistfangaskrá fjarskiptafyrirtækisins.

910. gr.

Samræmt skráarsnið númera- og vistfangaskráa.

Númera- vistfangaskrá skal vera miðlað á samræmdu XML skráarsniði, ~~sem birt er á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar,~~ sem býður upp á einfaldar samkeyrslur við helstu upplýsinga- og gagnagrunnskerfi, nema hlutaðeigandi aðilar komi sér saman um annað form. Það form verður þó að samræmast ákvæði 45. gr. fjarskiptalaga og má ekki innihalda aðrar grunnupplýsingar en þær sem skilgreindar eru í 2. gr. reglna þessara. Þá má formið ekki ógna heildstæði gagngrunns t.d. með tilliti til réttleika upplýsinga og rauntíma uppfærslu þeirra.

4011. gr.

Aðgangsstýrð vefþjónusta

Fjarskiptafyrirtæki skal koma upp aðgangsstýrðri vefþjónustu þar sem aðilar sem skulu fá afhentar upplýsingar úr númera- og vistfangaskrá geta sótt upplýsingarnar í samræmi við reglur þessar. Skulu fjarskiptafyrirtækin notast við dulkóðun svo upplýsingarnar verði ólæsilegar fyrir aðra en þá sem heimild hafa til viðtöku þeirra og gefa út símaskrá eða starfrækja upplýsingaþjónustu um símanúmer. Aðilar sem fá afhentar upplýsingar úr númera- og vistfangaskrá skulu sækja upplýsingarnar í gegnum vefþjónustu fjarskiptafyrirtækisins eða vinnsluaðila þess, sbr. IV. kafla.

4412. gr.

Verð fyrir upplýsingar úr númera- og vistfangaskrá.

Fjarskiptafyrirtæki sem úthluta símanúmerum skulu láta í té upplýsingar úr númera- og vistfangaskrá sinni með skilmálum sem eru sanngjarnir og byggðir á kostnaði ásamt hæfilegri álagningu og mismuna ekki milli aðila.

IV. KAFLI.

Útvistun gerð númera- og vistfangaskrár.

4213. gr.

Vinnslusamningar

Fjarskiptafyrirtæki getur úthýst gerð númera- og vistfangaskrá og miðlun upplýsinga úr þeim. Við slíka úthýsingu ber fjarskiptafyrirtækinu að horfa til ákvæða laga, nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um gerð vinnslusamninga. Er gerð slíks vinnslusamnings forsenda úthýsingar á gerð númera- og vistfangaskrá.

Fjarskiptafyrirtæki sem kys að úthýsa gerð númera- og vistfangaskráa skal áfram bera ábyrgð samkvæmt 45. gr. fjarskiptalaga fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem felst í gerð númera- og vistfangaskráa og miðlun þeirra.

Gerð vinnslusamnings skal ekki með neinum hætti valda því að miðlun upplýsinga úr númera- og vistfangaskrá verði ekki í samræmi við 8. og 9. gr. reglna þessa.

~~13~~14. gr.

Sameiginlegur vinnsluaðili

Hinu íslenska númerafélagi (HÍN) er heimilt, með fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar, að vera sameiginlegur vinnsluaðili fyrir alla eigendur þess í samræmi við ákvæði laga og reglur þessar.

V. KAFLI.

Lausn deilumála o.fl.

~~14~~15. gr.

Leiðrétting mistaka.

Fjarskiptafyrirtækin sem hlut eiga að máli skulu gera allar ráðstafanir til að gerð númera- og vistfangaskráa og miðlun upplýsinga úr þeim samkvæmt reglum þessum gangi greiðlega fyrir sig og án allra óþarfa tafa.

Ef upp koma mistök við miðlun upplýsinga úr númera- og vistfangaskráum, hvort sem er í upphafi eða við rauntíma uppfærslu, skulu hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtæki leiðrétta slík mistök án tafar.

~~15~~16. gr.

Riftun samninga.

Hafi fjarskiptafyrirtæki rökstuddan grun um að aðili, sem fær miðlað til sín upplýsingum úr númera- og vistfangaskrá fjarskiptafyrirtækisins, misnoti upplýsingarnar með einhverjum hætti og nýti þær í öðrum tilgangi en fyrir útgáfu símaskrár eða upplýsingaveitu fyrir símanúmer getur fjarskiptafyrirtæki rift samningi um miðlun upplýsinganna og stöðvað miðlun þeirra til viðkomandi aðila. Slíka riftun skal tilkynna viðkomandi aðila með 14 daga fyrirvara.

~~16~~17. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur um gerð númera- og vistfangaskráa, svo sem þær grunnupplýsingar sem í þeim er að finna eða breytingar á þeim, afhendingartíma, miðlun þeirra, verð fyrir þær eða riftun samninga geta deiluaðilar beint málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 9. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun, ~~4.8. janúar 2016~~júní 2014